



Framkvæmda- fréttir 29. tbl. /07



Brúavinnuflokkur Vegagerðarinnar frá Hvammstanga að störfum við Hrútafjarðará 29. október.
Niðurstöður útboðs vegagerðar í Hrútafirði frá 13. nóvember eru birtar hér á síðunni.

Mynd: Hafðís E. Jónsdóttir

Niðurstöður útboða

Hringvegur (1)

um Hrútafjarðarbotn 06-017

Tilboð opnuð 13. nóvember 2007. Nýbygging Hringvegar um Hrútafjarðarbotn. Um er að ræða um 6,9 km kafla af Hringvegi frá Brú að Brandagili, um 1,6 km langa tengingu við Djúpveg auk um 1,2 km af öðrum tengingum.

Helstu magntölur eru:

Bergskering	17.000 m ³
Fylling og fláafleygar	123.700 m ³
Neðra burðarlag	33.400 m ³
Efra burðarlag	17.100 m ³
Steinröraræsi	57 m
Plaströraræsi	169 m
Stálröraræsi	292 m
Tvöföld klæðing	74.500 m ²
Rofvarnir	4.500 m ³
Uppsetning bitavegriða	1.020 m
Uppsetning víravegriða	450 m
Frágangur fláa	128.000 m ²
Girðingar	8.200 m

Útlögn klæðingar skal lokið fyrir 15. september 2008.

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. nóvember 2008.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
8	Háfell ehf., Reykjavík	319.833.120	146,3	156.584
7	Héraðsverk ehf., Egilsstöðum	262.925.381	120,3	99.676
---	Áætlaður verktakakostnaður	218.590.549	100,0	55.341
6	Borgarverk ehf., Borgarnesi	196.787.000	90,0	33.537
5	Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	192.403.800	88,0	29.154
4	KNH ehf., Ísafirði	175.661.182	80,4	12.412
3	Suðurverk hf., Hafnarfirði	173.591.376	79,4	10.342
2	Sigurjón Hjartarson, Brjársstöðum	166.893.200	76,3	3.644
1	Skagfirskir verk- takar hf., Skagafirði	163.249.550	74,7	0

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 29. tbl. 15. árg. nr. 483 26. nóv. 2007

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:

**Viktor Arnar
Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:

**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,
útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum
og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni
sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til
verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og
fjölmölar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Auglýsingar útboða

Í síðasta blaði var birt mynd af væntanlegum gatnamótum Reykjanesbrautar og Arnarnesvegjar. Þá láðist að geta þess að hönnuðir brúa eru Úti og inni sf. arkitektar.

Óshlíðargöng, eftirlit 07-085

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í eftirlit með gerð Óshlíðarganga milli Hnífsdals og Bolungarvíkur.

Jarðgöngin eru um 5,1 km löng og er breidd þeirra um 8,0 m í veghæð. Heildarlengd vegskála er um 310 m. Verkið nær ennfremur til lagningar um 2,1 km langs vegar í Hnífsdal og um 1,6 km vegkafla í Bolungarvík eða samtals um 3,7 km. Í lagningu vega er einnig innifalin gerð vegtenginga á báðum stöðum.

Byggja á 8 m langa brú yfir Hnífsdalsá og 32 m langa brú yfir Ósá í Bolungarvík.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnisvals og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgarúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 26. nóvember 2007. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 15. janúar 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opnunarfundur verður þriðjudaginn 22. janúar 2007 klukkan 14:15 þar sem lesnar verðar upp einkunnir bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð opnuð.

Útboðið er einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Héðinsfjarðargöng

Gröftur Héðinsfjarðarganga gekk vel í viku 46. Siglufjarðarmegin voru sprengdir 76 m og er lengd ganga þeim megin frá nú um 2.835 m. Nú eru rétt um 800 m eftir út í Héðinsfjörð frá Siglufirði. Ólafsfjarðarmegin voru sprengdir 66 m og er lengd ganga þeim megin því nú um 1.899 m. Samanlögð lengd ganga er nú um 4.734 m sem er 44,7% af heildarlengd.

Hringvegur (1), gatnamót við Borgarbraut 06-031

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð nýrra gatnamóta Hringvegjar og Borgarbrautar í Borgarnesi. Útboðskaflinn er um 400 m, 100 m á Hringvegi og 300 m á Borgarbraut, auk um 100 m af hjáleið. Hluti verksins er gerð nýrrar fráveitulagnar og endurnýjun hita- og vatnslagna fyrir Orkuveitu Reykjavíkur á þessu svæði.

Helstu magntölur eru:

Rif slitlags götu og gangstétta	3.000 m ²
Bergskeringar	700 m ³
Ónothæfu efni jafnað á losunarstað	4.000 m ³
Fylling	2000 m ³
Ofanvatnrsæsi	75 m
Burðarlag	2.600 m ³
Malbik	7.600 m ²
Malbikaðir gangstígar	500 m ²
Kantsteinar	1.400 m
Ljósastaurar	20 stk.
Þökulögn	1.000 m ²
Gröftur og fylling lagnaskurða	950 m
Lagning vatnströra, ø75-225 PE	500 m
Lagning hitaveituröra, DN20-250	800 m
Lagning fráveitupípna	285 m
Steypt gangstétt	280 m ²

Fyrsta áfanga verksins skal lokið 15. apríl 2008.

Verkinu skal vera að fullu lokið 1. júlí 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 26. nóvember. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 11. desember 2007 og verða þau opnuð þar kl 14:15 þann dag.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 19. nóv. 2007. Búið er að sprengja 2.835 m í Siglufirði og 1.899 m í Ólafsfirði.



Hafravatnsvegur (431), gatnamót við Krikahverfi 07-097

Vegagerðin og Mosfellsbær óska eftir tilboðum í gerð hringtorgs á Hafravatnsvegi við Krikahverfi í Mosfellsbæ, á mótis við Jónsteig og Stórakrika. Gera skal undirgöng úr báruplötum undir Hafravatnsveg. Einnig skal gera stoðvegg við gangaenda, göngustíga ásamt tröppum, lýsingu, grjóthleðslu, landmótun, ýmsa lagnavinnu og frágang umhverfis. Gera skal útskot fyrir strætisvagna við Hafravatnsveg. Gera þarf bráðabirgðaveg sem tengir saman Víðiteig og Völuteig til notkunar meðan á framkvæmdum stendur.

Helstu magntölur eru:

Skeringar	29.000 m ³
Fyllingar	27.000 m ³
Burðarlög	5.100 m ³
Malbik	4.500 m ²
Stálbogagöng	20 m

Verkinu skal að fullu lokið 1. júní 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 26. nóvember 2007. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 11. desember 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Pórir Ingason forstöðumaður rannsóknardeildar Vegagerðarinnar (t.v.) og Hreinn Haraldsson framkvæmdastjóri þróunarsviðs (t.h.). Það er rannsóknardeild sem hefur umsjón með rannsóknarstarfi Vegagerðarinnar og skipuleggur árlega ráðstefnu.

Ráðstefna um rannsóknir Vegagerðarinnar

Yfir 150 manns sóttu 6. ráðstefnu um rannsóknir Vegagerðarinnar, sem haldin var á Hilton Hotel Nordica þann 2. nóvember síðastliðinn.





Á ráðstefnunni voru kynnt 20 verkefni sem hafa fengið styrk úr rannsóknasjóði Vegagerðarinnar á þessu og síðasta ári. Það er þó aðeins hluti af þeim fjölda verkefna sem fá styrk, en á hverju ári undanfarið hefur ríflega 100 milljónum króna verið veitt í yfir 100 verkefni. Umsóknir hafa þó alltaf verið mun fleiri og oft þurft að hafna góðum verkefnum.

Í vegalögum er bundið að 1% af mörkuðum tekjum stofnunarinnar skuli renna í rannsóknir og með nýjum vegalögum sem taka gildi um næstu áramót er þetta hækkað í 1,5%. Þetta mun hafa áhrif á rannsóknasjóðinn frá og með árinu 2009, þannig að þá verður hægt að sinna fleiri umsóknum en áður.

Skýrslur og niðurstöður rannsókna eru birtar á vegagerdin.is jafnóðum og þær liggja fyrir hér. Nú er einnig hægt að nálgast þar ágríp af erindum á ráðstefnunni og skoða glærur sem fyrirlesarar notuðu.



Samtals er búíð að sprengja 4.734 m sem er 44,7% af heildarlengd.





200 0 200 400 600 800 1000 m
Mkv. 1:20.000, A3

Óshlíðargöng

Útboðsgögn fyrir Óshlíðargöng hafa verið send þeim verktökum og verktakasamsteypum sem gefinn er kostur á að bjóða í verkið. Þá er auglýst útboð eftirlits í þessu blaði.


Jarðgöngin verða um 5,1 km löng og er breidd þeirra um 8,0 m í veghæð. Heildarlengd vegskála er um 310 m. Verkið nær enn fremur til lagningar um 2,1 km langs vegar í Hnífsdal og um 1,6 km vegkafla í Bolungarvík eða samtals um 3,7 km. Í lagningu vega er einnig innifalin gerð vegtenginga á báðum stöðum.

Byggð verður 8 m löng brú á Hnífsdalsá og 32 m löng brú á Ósá í Bolungarvík.

Tilboð verða opnuð 15. janúar 2008 og gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist í apríl. Verklök eru áætluð í júlí 2010.

Loftmynd: Loftmyndir ehf.



		DMGS: OKTOBER 2007		ÓSHLÍÐARGÖNG HNÍFSDALUR – BOLUNGARVÍK	VEGNR.:
		VNR.: 1.020.216			TNR.:
		HANNAÐ: AKI	MELIKV. Hannab	YFIRLITSMYND LOFTMYND	002
		TEKNAÐ: AKI	Tekin.		UTGAFA: B1
		YFRF.: ML	Yfirf.		
ETING:	AF:	SAMP.:	Samp.		

Niðurstöður útboða

Upphéraðsvegur (931), Setberg – Ormarsstaðaá 07-063

Tilboð opnuð 20. nóvember 2007. Endurbýgging
5,1 km kafla Upphéraðsvegur (931) á milli Setbergs og
Ormarsstaðaár, í Fellum.

Helstu magntölur eru:

Bergskering	16.400 m ³
Fylling og fláafleygar	23.700 m ³
Neðra burðarlag	17.600 m ³
Efra burðarlag	5.600 m ³
Stálröraræsi	173 m
Stálpöturæsi	30 m
Vegrið	280 m
Tvöföld klæðing	32.400 m ²
Frágangur fláa	70.600 m ²
Mót sökkla	141 m ²
Járnalögn í sökkla	3.394 kg
Steypa í sökkla	37 m ³

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. ágúst 2008.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5 P.S. verktakar ehf., Egilsstöðum	94.197.161	108,9	26.910
--- Áætlaður verktakakostnaður	86.500.000	100,0	19.213
4 MCC ehf., Neskaupstað	78.399.556	90,6	11.112
3 Myllan ehf., Egilsstöðum	71.956.000	83,2	4.669
2 Vélaleiga Sigga Pór ehf., Egilsstöðum	69.512.168	80,4	2.225
1 Ylur ehf., Egilsstöðum	67.287.110	77,8	0

Vestfjarðavegur (60), Hofstaðavegur –

Porskafjarðarvegur 07-087

Tilboð opnuð 6. nóvember 2007. Endurbýgging
6,1 km kafla Vestfjarðavegar (60) um austanverðan
Porskafjörð, á milli Hofstaðavegar og Porskafjarðarvegur.

Helstu magntölur eru:

Bergskeringar	20.000 m ³
Fylling og fláafleygar	44.000 m ³
Neðra burðarlag	16.000 m ³
Efnisvinnsla	7.000 m ³
Efra burðarlag	7.000 m ³
Tvöföld klæðing	41.000 m ²
Frágangur fláa	81.000 m ²

Auk þessa skal verktaki koma fyrir rofvörn á 200 m kafla
í Porskafjarðarbotni og vinna lítinn grjótgarð á mótum
Músarár og Porskafjarðarár.

Útlögn klæðingar skal lokið 1. september 2008. Verkinu
öllu skal að fullu lokið fyrir 1. nóvember 2008.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5 Fjörður ehf., Skagafirði	114.124.750	130,4	36.458
4 Jóhann Ágúst Guðlaugsson ehf., Búðardal	113.074.400	129,2	35.407
3 Borgarverk ehf., Borgarnesi	97.767.000	111,7	20.100
--- Áætlaður verktakakostnaður	87.524.900	100,0	9.858
2 Hagtak hf., Hafnarfirði	82.500.000	94,3	4.833
1 KNH ehf., ísafirði	77.667.000	88,7	0



Norðausturvegur (85), 07-019

Brunahvammsháls – Bunguflói

Tilboð opnuð 13. nóvember 2007. Nýbygging 11,2 km kafla Norðausturvegar (85) frá Brunahvammshálsi að Bunguflóa.

Helstu magntölur eru:

Bergskering	11.200 m ³
Fylling og fláafleygar	230.200 m ³
Neðra burðarlag	50.000 m ³
Efra burðarlag	19.000 m ³
Stálröraræsi	800 m
Tvöföld klæðing	84.600 m ²
Frágangur fláa	236.600 m ²

Útlögn klæðingar skal að fullu lokið fyrir 15. september 2008. Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. nóvember 2008.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	327.027.000	100,0	74.390
4 Héraðsverk ehf., Egilsstöðum	312.356.175	95,5	59.719
3 Árni Helgason, Ólafsfirði	295.780.300	90,4	43.144
2 Suðurverk hf., Hafnarfirði	287.035.100	87,8	34.398
1 Skagfirskir verktakar, Skagafirði	252.636.800	77,3	0

Til áréttingar:

Um asfalt og íblöndunarefni í útboðum Vegagerðarinnar

Síðastliðið vor ákvað Vegagerðin að meginreglan í útboðum skuli vera sú, þar sem því verður við komið, að gera ráð fyrir því að viðkomandi verktaki leggi til asfalt og íblöndunarefni. Þar sem Vegagerðin er með birgðatanka úti á landi geta verktakar keypt efni af Vegagerðinni á fyrirfram ákveðnu verði.



Upphéraðsvegur (931), Setberg - Ormarsstaðaá. Beygur við Rauðalæk sem verða lagfærðar.


Upphéraðsvegur (931), Setberg – Ormarsstaðaá

Hér eru birtar niðurstöður útboðs endurbyggingar á 5,1 km kafla af Upphéraðsvegi (931) norðan Lagarfljóts. Einnig skal setja ræsi í Þorleifar á stað einbreiðrar brúar sem þar er í dag. Vegurinn verður 6,5 m breiður með 6,3 m breiðri klæðingu. Hönnunarhraði verður 80-90 km/klst. Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi á Upphéraðsvegi norðan Lagarfljóts og tryggja greiðari samgöngur.

Veglínan helst að mestu leyti óbreytt. Þó mun hún hliðrast lítillega til en óvíða meira en hálfra vegbreidd. Mesta breytingin verður um 20 m þar sem vegur færast örlítið neðar yfir Þorleifar. Hæðarlega verður lagfærð á köflum og verða nokkrar skeringar og fyllingar vegna þessa. Vegrið verður sett á báða vegkanta við ræsi til að auka umferðaröryggi.

Lagarfljót

Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár	Opnað:
07-089 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	08	
07-091 Auðsholtsgvegur (340), um Syðra Langholt	08	
07-084 Suðurstrandarvegur (427), Herdísarvík - Þorlákshafnarvegur	08	
07-039 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	08	
07-040 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	08	
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	08	
07-090 Lyngdalsheiðarvegur (365), Þingvallavegur - Laugarvatnsvegur	08	
07-088 Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls	07	
07-086 Strandavegur (643), Djúpvægur - Drangsnæsvegur	07	
07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit	07	
07-031 Þórsmerkurvegur (249), Gljúfurá - Dalsá	07	
07-012 Skagavegur (745), snjóastaðir	07	
07-011 Framsveitarvegur (576), Snæfellsnesvegur - golfvöllur	07	
07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalsvegur	07	
07-009 Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga	07	
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07	
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
07-097 Hafravatnsvegur (431), gatnamót við Krikkahverfi	26.11.07	11.12.07

Auglýst útboð, framhald	Auglýst:	Opnað:
06-031 Hringvegur (1), gatnamót við Borgarbraut	26.11.07	11.12.07
07-085 Óshlíðargöng, eftirlit	26.11.07	15.01.08
07-037 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg	05.11.07	18.12.07
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
07-063 Upphéraðsvegur, Setberg - Ormarsstaðaá	05.11.07	20.11.07
07-019 Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Bunguflói	29.10.07	13.11.07
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	29.10.07	13.11.07
07-087 Vestfjarðavegur (60), Hofstaðavegur - Þorskafjarðarvegur	15.10.07	06.11.07
07-070 Eyjafjarðarbraut vestri (821), Sandhólar - Nes	08.10.07	23.10.07
07-080 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Suðurfjarðavegur (96)	30.07.07	14.08.07
07-052 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Bakkafjörður - Vopnafjörður	30.07.07	14.08.07
07-053 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hérað	16.07.07	31.07.07
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
07-030 Skeiða- og Hrunamanna- vegur (30), Skipholt - Foss <i>Borgarvirki ehf.</i>	02.10.07	07.11.07
07-082 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2009, Norðausturvegur (85) Lón - Raufarhöfn <i>Sel sf.</i>	14.08.07	06.11.07
Forvali lokið	Forval opnað:	Opnað:
07-062 Óshlíðargöng	07.08.07	15.01.08



Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls er á lista yfir fyrirhuguð útboð. Myndin var tekin 15. nóvember af bergrannsóknun. Eskifjörður í baksýn. Mynd: Hafdís E. Jónsdóttir.